

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 139 – 01. 12. 2010

Miðvikudaginn 1. desember árið 2010, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Áætlun um fjárfestingar árið 2011.
2. Kýrholtsmálið.
3. Verðlag á heitu vatni eftir veitum landsins.
4. Fundur með Ástu Pálmadóttur sveitarstjóra og Kristjáni Jónassyni endurskoðanda.
5. Styrkir til nýrra hitaveitna í framtíðinni.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Samþykkt að fara í fjárfestingar að upphæð 40 milljónir árið 2011. Gert ráð fyrir að fara í framkvæmdir hitaveitu í Sæmundarhlíð á næsta ári og verði sú framkvæmd fjármögnuð á næstu tveimur árum.
2. Lagt fram bréf frá Iðnaðarráðuneyti dags 14.11.2010 sem svar við bókun stjórnar Skagafjarðarveitna ehf frá fundi 131 dags 24.03.2010 varðandi borholuverkefnið við Kýrholt. Í svari ráðuneytisins kemur fram að það staðfestir tillögu orkuráðs frá 11.12.2009, um að ekki verði um að ræða frekari afgreiðslu lánsloforðs frá 2003 til Skagafjarðarveitna ehf til verkefnis við Kýrholt. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að leita lögfræðialits frá Eiríki S. Svavarsson hdl. hjá Kvasir lögmenn.
3. Málið rætt.
4. Páll gerði grein fyrir fundi sem hann átti með Ástu Pálmadóttur sveitarstjóra og Kristjáni Jónassyni endurskoðanda.
5. Páll kynnti drög að ályktun Samorku vegna styrkja til nýrra hitaveitna í framtíðinni.
6. Önnur mál. Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Jón Magnússon (sign)
Úlfar Sveinsson (sign)
Páll Pálsson veitustjóri (sign)